

# Námið hefur bjargað lífi mínu

Dóra Kristín Vilhjálmsdóttir er ein úr stórum hópi geðsjúkra, sem hafa nýtt sér nám sem Fjölmennt og Geðhjálp hafa boðið upp á. Hún segir námið hafa bjargað lífi sínu. Nú liggur engin fjárveiting fyrir.

**MENNTAMÁL** „Ég segi hiklaust, að þetta nám hafi bjargað lífi mínu,“ sagði Dóra Kristín Vilhjálmsdóttir um nám það og starfsendurhæfingu sem Fjölmennt og Geðhjálp hafa boðið upp á fyrir geðsjúka. En nú er útlitið svart, því ráðuneyti félagsmála, heilbrigðismála og menntamála hafa enn ekki tryggt fjárveitingu til verkefnisins fyrir haustið. Því hefur orðið að segja öllum kennurum og starfsmönnum verkefnisins upp störfum. Vel á annað hundrað einstaklingar hafa beðið í óvissu í margar vikur eftir því hvernig námi þeirra reiði af í haust.

Dóra Kristín er með alvarleg geðhvörf, sem hún greindist með fyrir 10 árum. Hún sat í einni kennslustofunni í húsnæði Geðhjálp og vann að gerð helgimyndar í mósaík þegar blaðamaður hitti hana.

„Ég hafði dottið niður í djúpt þunglyndi og ofsakvíðaköst, sem stóðu samfelld í marga mánuði, tvo vetur í röð,“ sagði hún. „Seinni veturinn hafði ég legið heima svo mánuðum skipti og var komin í algjört öngstræti. Ég fór aldrei inn á deild því ég á afar góða að, þar sem eru systkini mín, sem hafa stutt mig með ráðum og dád. Þá á ég frábæran vin sem hefur passað vel upp á mig þegar ég er í uppsveiflu.“

Dóra Kristín sá enga útleið, fyrr en henni var sagt frá náminu hjá Fjölmennt og Geðhjálp. Hún var síðan drifin niður á Túngötu, þar sem skólinn starfar í húsnæði Geðhjálp.

„Þetta gjörbreytti lífi mínu,“ sagði hún. „Allt í einu var ég ekki lengur bara kennitala. Ég hef ekki fengið varanlegt þunglyndi síðan ég fór í námið, kannski örlað á því í viku í mesta lagi, en yfirleitt ekki nema dag og dag.“

En nú er ég farin að fá kvíða-



## BEDIÐ Í ÓVISSU

Dóra Kristín var að gera fallega helgimynd úr mósaík í einni kennslustofunni í húsnæði Geðhjálp. Hún biður ásamt stórum hópi fólks eftir ákvörðun stjórnvalda á því hvort þau gefi kost á námi aftur í haust.

hnút í magann, eins og fleiri hér, vegna tilhugsunarinnar um hvað verði í vetur með námið.“

Dóra Kristín lagði stund á íslenskar bókmenntir, tölvunám, ensku og ljóðagerð, svo og lífsleikni í skólanum. Hún sagði að allir kennarar og starfsfólk hefði verið frábært upp til hópa. Nú óttaðist fólk að þeir kæmu ekki aftur, ekki síst í ljósi þess að þeim hefði verið sagt upp og samningar þeirra væru lausir nú um mánaðamótin.

„Allt þetta fólk sem nýtir sér námið eru öryrkjar,“ sagði hún. „Það hefur því takmörkuð fjárráð sem leyfa alls ekki að það geti keypt sér menntun annars staðar, auk þess sem það fellur ekki alls staðar inn í. Námið hér er því afar dýrmætt fyrir okkur, raunar alveg ómetanlegt.“

Ekki náðist í menntamálaráðherra, heilbrigðisráðherra né félagsmálaráðherra í gær.

[jss@frettabladid.is](mailto:jss@frettabladid.is)